Kennari	Hálfdán Örnólfsson	**Sk.st.**	HÖR

Áfangalýsing: Farið í gegnum helstu hugtök sem varða fjármál almennt og æfðir útreikningar þeim tengdir. Nokkuð fjallað um helstu tegundir verðbréfa og verðbréfamarkaði. Nafnvextir, forvextir, raunvextir, fórnarvextir og virkir vextir. Núvirði - framtíðarvirði. Jafngreiðsluraðir - jafngreiðslulán. Verðtrygging. Gengi verðbréfa - afföll. Gengisútreikningar á erlendum gjaldmiðlum.

Markmið: *Að áfanganum loknum skulu nemendur:*

- geta útskýrt helstu vaxtahugtök
- geta reiknað út vaxtaupphæð, framtíðarvirði höfuðstóls, núvirði höfuðstóls, vaxtaprósentu og tíma í einföldum og samsettum vaxtareikningi
- þekkja helstu greiðsluform skuldabréfa (s.s. víxla, jafngreiðslur og jafnar afborganir) og geta reiknað út greiðslur á þeim.
- Þekkja til útreiknings á vísitölum
- Þekkja til helstu aðferða við verðtryggingu og geta reiknað út greiðslur af verðtryggðum skuldabréfum
- geta reiknað út greiðslur, núvirði og framtíðarvirði jafngreiðsluraða
- geta reiknað út ávöxtun og raunvexti
- geta reiknað út breytingar á gengi og verði gjaldmiðla
- geta reiknað út kaupverð, gengi og afföll einföldustu gerða skuldabréfa
- geta reiknað út hagkvæmustu fjárfestingavalkosti/tilboð með hjálp núvirðisreiknings
- þekkja til innri vaxta og aðferða til að reikna þá út
- Hafa fengið æfingu í notkun fjármálafalla í Spreadsheet/excel.

Námsgögn: Efni frá kennara

Námsmat og vægi námsþátta:

12 heimaverkefni. Metin á 2,5% hvert.	30.00%
Lokapróf	70.00%

Nemendur þurfa að ná að lágmarki 4 á lokaprófi til að fá vetrareinkunn metna.

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni	Verkefni
6	Nokkrar grundvallar reikniaðgerðir I	Verkefni 1
7	Nokkrar grundvallar reikniaðgerðir II	Verkefni 2
8	Vaxtareikningur, grunnaðferðir	Verkefni 3
9	Samsettur vaxtareikningur	Verkefni 4
10	Jafngreiðsluraðir I	Verkefni 5
11	Jafngreiðsluraðir IIáfangi	Verkefni 6
12	Vaxtahugtök, gengi og verðtrygging I	Verkefni 7
13	Vaxtahugtök, gengi og verðtrygging II	Verkefni 8
15	Greiðsluform verðbréfa. Núvirði gengi og afföll. I	Verkefni 9
16	Greiðsluform verðbréfa. Núvirði gengi og afföll. II	Verkefni 10
17	Arðsemisútreikningar ofl.	Verkefni 11
18	Fjármögnun, verðbréf ofl.	Verkefni 12

Með fyrirvara um breytingar og ósk um gott samstarf á önninni

Dagsetning: 4.2.2015

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils